

## Gjaldskrá Fráveitu Dalvíkurbyggðar

### 1. gr

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitu og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2019.

### 2. gr

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal það vera eftirfarandi:

- Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 16.281,29 kr. pr. íbúð og 339,76 kr. pr. fermetra húss.
- Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 37.513,99 kr. pr. eign og 339,76 kr. pr. fermetra húss.
- Álagning skv. a og b. málsliðum skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægra en 0,25% af fasteignarmati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2018 , 139,9 stig.

### 3. gr

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt rotþróargjald sem lagt er á hverja íbúð, þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár, er kr. 12.621,72 kr. pr. losun. Að auki er greitt fast gjald 16.270,66 kr. pr. á hverja íbúð, til að standa straum af kostnaði vegna niðurstæmingar á rotþrónni. Af öðru húsnæði sem fjallað er um í 2. gr. stl. b, greiðist sambærileg rotþróargjöld þ.e. fast gjald og rotþróargjald.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

Rotþróargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2018 139,9 stig.

### 4. gr

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

### 5. gr

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

### 6. gr



DALVÍKURBYGGÐ

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann XX . xxxx ber 2018 , staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2019 . Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um fráveitu í Dalvíkurbyggð nr. 1152/2016 úr gildi.

**Samþykkt í byggðaráði 29. nóvember 2018**

**Samþykkt í sveitarstjórn 18. desember 2018**

**Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019**

---

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri